

SKÓLAREGLUR

Skólareglur Menntaskólans á Ísafirði eru nemendum og starfsfólki til stuðnings. Virðing, metnaður, viðsýni og árangur eru einkennisorð skólans og ber að hafa þau að leiðarljósi innan skólans.

ÁSTUNDUN OG SKÓLASÓKN

- Nemendur skulu stunda námið af kostgæfni, virða verkstjórn kennarans og skila verkefnum á réttum tíma.
- Nemendum í reglulegu námi ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu nema lögmæt forföll hamli. Kennarar skrá viðveru nemenda í kennslustundir í INNU.
- Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann 0,33 fjarvistarstig.
- Nemendum ber að fylgjast með mætingarstöðu sinni í INNU. Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára fá tilkynningu um stöðuna með miðannarmati en hafa jafnframt aðgang að INNU og geta þar fylgst með stöðu barna sinna.
- Öll forföll skal tilkynna. Veikindi skal tilkynna í gegnum INNU eða með tölvupósti á netfangið misa@misa.is hvern virkan dag sem veikindi vara. Nemendur 18 ára og eldri skila inn læknisvottorði innan tveggja vikna frá síðasta veikindadegi. Foreldri eða forráðamaður nemenda yngri en 18 ára tilkynna veikindi barna sinna. Sé um langvarandi veikindi að ræða skal hafa samband við námsráðgjafa.
- Tvenns konar mæting er skráð við skólann. Í fyrsta lagi er skráð raunmæting sem er mæting nemenda án tillits til vottorða og leyfa. Raunmæting og ástundun er reiknuð inn í náms/vinnueinkunn nemenda í hverjum áfanga og gildir að lágmarki 10% af heildareinkunn. Í öðru lagi er skráð mæting að teknu tilliti til vottorða og leyfa. Það er sú mæting sem skólasóknareinkunn byggir á og er birt á einkunnablaði nemenda. Skólasóknareinkunn er gefin samkvæmt eftirfarandi einkunnastiga:

Mætingarhlutfall að teknu tilliti til vottorða og leyfa	Skólasóknareinkunn
98-100	10
95-97	9
91-94	8
87-90	7
83-86	6
80-82	5
60-79	4
50-59	3
40-49	2
0-39	1

- Nemendur fá eina einingu á önn fyrir mætingu ef heildarmæting er 95% eða meiri.
- Skólameistari getur veitt undanþágu frá skólasóknarreglum vegna forfalla. Sótt er um undanþáguna í tölvupósti til skólameistara (jon@misa.is) og þarf foreldri/forráðamaður nemenda yngri en 18 ára að sækja um fyrir þeirra hönd. Slíkar undanþágur eru veittar vegna keppnisferða landsliða eða æfingabúða ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Einnig eru veittar undanþágur vegna læknisheimsóknna og persónulegra erinda sem talin eru brýn.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓVIÐUNANDI ÁSTUNDUN OG SKÓLASÓKN

- Umsjónarkennarar nýnema fylgjast með ástundun og mætingu umsjónarnemenda sinna og hafa samband við forráðamenn ef við á.
- Ef ástundun batnar ekki við tiltal umsjónarkennara skal nemandanum vísað til námsráðgjafa sem vinnur þá með nemanda að lausn mála.
- Breyti viðkomandi ekki hegðun sinni í framhaldi af þessu fær hann skriflega áminningu frá skólameistara og honum veittur vikufrestur til að koma með málsbætur.
- Verði engin andmæli og breyting eftir viku frá áminningu er litið svo á að nemandi hafi sagt sig úr viðkomandi áfanga/áföngum og honum tilkynnt um það.

FJARNÁM

Hægt er að leyfa nemendum að skrá sig í fjarnám í einstökum áföngum ef sérstakar ástæður krefjast þess. Þetta á einkum við ef um mikla töfluárekstra er að ræða. Nemendur eru þá í sambandi við kennarann í gegnum námsumsjónarkerfið Moodle. Nemendur sem sækja ekki dagskóla greiða innritunargjald annarinnar og kennslugjald fyrir hverja einingu. Nemendur þurfa að sækja skriflega um að fá að taka áfanga í fjarnámi. Umsóknir um fjarnám skulu hafa borist til stjórnenda fyrir lok tilskilins frests sem auglýstur er við upphaf hverrar annar.

REGLUR UM NÁMSFRAMVINDU

- Að jafnaði skal nemandi sem er í fullu námi sækja 25-33 f-eininga/15 – 20 eininga nám á önn. Verknámsnemendur taka að jafnaði fleiri einingar á önn.
- Nemandi skal ljúka 15 f- einingum/9 einingum á önn eða 30 f-einingum/18 einingum á hverjum tveimur önnum hið minnsta. Skólanum er ekki skylt að endurinnrita nemanda hafi hann ekki náð lágmarkseiningafjölda á tveimur önnum í röð.
- Nemanda er heimilt að sitja sama áfangann þrisvar sinnum.
- Einkunnir í framhaldsskólum eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10. Til að standast lokamat og fá leyfi til að hefja nám í eftirfarandi áfanga þarf lágmarkseinkunn 5. Þó er nemandi heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þessir áfangar gefa ekki einingar.
- Ef nemandi er veikur þegar lokamat í áfanga á sér stað skal hann tilkynna það til ritara skólans hið fyrsta. Skylt er að skila inn læknisvottorði.

- Nemandi sem verður uppvís að því að hafa rangt við í prófi telst fallinn á prófinu. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu prófi.
- Nemendur virði reglur um höfundarétt og notkun og skráningu heimilda. Gildir þá einu hvort um er að ræða búta úr verki eða verkið í heild.

HEGÐUN OG UMGENGNI

- Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið (sjá eineltisáætlun).
- Ætlast er til að nemendur sýni góða hegðun og umgengni í skólanum og á lóð hans.
- Matar og drykkjar má ekki neyta í kennslustofum eða á bókasafni.
- Allt rusl er flokkað og því hent í þar til gerð ruslaílát.
- Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða öðrum eigum hans ber þeim að bæta að fullu.
- Auglýsingar varðandi skólahald og félagslíf nemenda eru leyfðar á veggjum skólans.
- Utanaðkomandi sem vilja auglýsa innan veggja skólans eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans.
- Öll tóbaksnotkun er bönnuð í skólanum og á lóð hans. Það sama á við um rafsígarettur.
- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og á samkomum og ferðalögum á vegum hans.

VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á SKÓLAREGLUM

Ítrekuð eða alvarleg brot á reglum þessum geta leitt til brottvísunar og brot sem varða við landslög verða kærð til lögreglu. Brjóti nemandi reglur skólans er honum veitt skrifleg viðvörðun áður en til áminningar kemur. Fáir nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur tilefni áminningar, viðbrögð við henni og tímafrestur til andmæla.